



Viðmið um flýtingar á lokum náms við grunnskóla Kópavogs

Samkvæmt grunnskólalögum er skólastjóra heimilt að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda hafi nemandinn náð hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Óski foreldrar eftir flýtingu er það í höndum skólastjórnar og með aðstoð skólaþjónustu að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram.

Foreldrar sækja skriflega um flýtingu á lokum grunnskólagöngu nemanda til skólastjóra viðkomandi grunnskóla. Æskilegt er að ósk um flýtingu á lokum grunnskólanáms berist í lok 8. bekkjar.

Skólastjóri grunnskóla óskar eftir umsögn starfsfólks skólans og/eða skólaþjónustu. Í umsögn þarf að koma fram:

1. Almenn umsögn um náms- og þroskastöðu nemanda.
2. Upplýsingar um félagslega stöðu og samskipti við börn og fullorðna.
3. Styður nemendaverndarráð umsókn foreldra.

Umsögn er ráðgefandi. Ákvörðun um flýtingu liggur endanlega hjá skólastjóra sem svara foreldrum innan tveggja mánaða frá því beiðni berst.

Ef skólastjóri samþykkir flýtingu er það að því tilskyldu að nemandinn nái hæfniviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skólastjóri svari foreldrum skriflega og ítrekar skilyrði um hæfniviðmið.

Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi og upplýsa og leiðbeina um rétt foreldra samkvæmt stjórnarsýslulögum 37/1993 (gr. 13) og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (gr. 32 og 47). Í kjölfarið sendir skólastjóri foreldrum bréf með ákvörðun sinni.